

Uppsögn á þjónustusamningi – Bjargir ehf.

Fyrir liggur að veruleg fækkun verður á börnun á leikskólaaldri næstu ár. Útskriftarárgangur í vor er 454 börn en fjöldi barna sem verða tveggja ára á árinu er 377 og 125 þeirra eru þegar komin inn á leikskóla. Þá má búast við taka þurfi inn um 60 forgangsbörn, fædd 2014. Þetta þýðir að það verða 142 umframpláss á leikskólunum í haust. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 er gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður lækki um 72 m.kr. vegna þessa.

Við þessa ákvörðun er tekið tillit til nokkurra þátta:

Inritun:

Skv. gildandi samningi greiðir Hafnarfjarðabær með 24 börnum í 8 klst á dag hvort sem tekst að fylla þá tölu eða ekki. Aðeins eru tekin inn börn frá 6-12 mánaða og yfir þann aldur má ekki fara. Dreifing aldurs þarf að vera sem jöfnust milli mánaða, þ.e. fjögur börn fædd í júní 4 í júlí, 4 í ágúst osfrv. Af þessum sökum hefur ekki alltaf gengið að fylla leikskólann þar sem þessi börn eru ekki til á biðlista. Taflan sýnir nýtinguna það sem af er þessu skólari og sama tímabil á því síðasta.

Skólaárið 2014-2015	Fjöldi barna '14	Greitt fyrir '14	Fjöldi barna '13	Greitt fyrir '13
Ágúst	20	24	20	24
September	19	24	20	24
Október	23	24	22	24
Nóvember	24	24	24	24
Desember	24	24	24	24
Janúar	24	24	24	24

Eins og sést tókst ekki að fylla í öll pláss fyrr en í nóvember bæði árin.

Hagkvæmni rekstrareininga.

Í Hafnarfirði eru þrjú einkareiknir leikskólar með þjónustusamning og er kostnaður við hvert dvalargildi á Bjarma um 17 % dýrara en á hinum tveimur. Að auki bætist við kostnaður vegna matarkostnaðar, en leikskólinn Arnarberg annast matseld fyrir Bjarma. Um er að ræða 25% viðbótarstöðugildi í eldhús og hráefniskaup.

Sveitarfélagið er í dag með ungbarnadeildir í 4 leikskólum og verður þörf fyrir ungbarnaplássum mætt þar. Mun hagkvæmara er að reka litlar ungbarnadeildir inni í stærri leikskólum m.a. vegna betri nýtingar starfsfólks þegar um forföll er að ræða eða þegar ekki reynist þörf fyrir öll pláss sem í boði eru.

Húsnæðismál

Leikskólinn Bjarmi er í óhentugu húsnæði sem þarfnast viðhalds og endurnýjunar eigi starfsemi að halda þar áfram.